



Borgarráð

Evrópusamstarf um kolefnishlutlausar og snjallar borgir 2030

Lagt er til að borgarráð heimili að Reykjavíkurborg sækir formlega um að vera ein af 100 kolefnishlutlausum snjallborgum Evrópu árið 2030.

Greinargerð:

Eftir að Græna planið var samþykkt í borgarstjórn í desember 2020 var komið á fót fjórum starfshópum sem myndaðir voru með fulltrúum frá ólíkum sviðum Reykjavíkurborgar en einnig fulltrúum B- hlutafyrirtækja sem borgin á hlut í. Þannig voru virkjaðir saman kraftar og þekking víða úr borgarkerfinu með það fyrir augum að takast á við áskoranir næsta áratugar, um orkuskipti, hringrásarhagkerfi, græn innkaup og fjármál og Evrópusamstarf á þessum sviðum. Starfshópurinn um Evrópusamstarf um kolefnishlutlausar og snjallar borgir 2030 hefur verið í samskiptum við fulltrúa Eurocities og Evrópusambandsins og lýst yfir áhuga Reykjavíkurborgar á þátttöku í verkefninu um að verða ein af 100 kolefnishlutlausum snjallborgum Evrópu árið 2030. Drög hafa verið lögð að umsókn og þess beðið að umsóknarskilmálar verði skýrari af hálfu Evrópusambandsins.

Rökstuðningur Evrópusambandsins fyrir leiðangrinum, sem tekur sérstaklega til verkefna í borgum er að í borgum komi saman ólíkir straumar aðgerða í þágu kolefnishlutleysis; í orkumálum, samgöngumálum, byggingum, iðnaði og jafnvel matvælaframleiðslu. Nauðsynlegt sé að mæta loftslagsvánni með aðgerðum á vettvangi borga og með því að virkja almenning með lýðræðislegum hætti, sem neytendur, framleiðendur, notendur og eigendur. Þannig er lagt upp með að samstarf innan borga sé formgert með sérstökum *Loftslagsborgasamningi*, sem aðlagður skuli að hverri borg fyrir sig.

Leiðangurinn sem hér er fjallað um hvílir síðan á grunni Græna sáttmála Evrópusambandsins (*European Green Deal*) sem miðar að því að ná kolefnishlutleysi í Evrópu fyrir árið 2050. Þá byggir Horizon Europe áætlunin á markmiðum sem Evrópusambandið hefur sett með samþykkt á fjárframlögum á árunum 2021-2027 og með samþykktari sóknaráætlun í kjölfar kórónakreppunnar, *Next Generation EU*, þar sem teknar eru fyrir aðgerðir til að mæta áskorunum næstu áratuga og áhersla lögð á fjárframlög til rannsókna og nýsköpunar og ýmissa samfélagslegra forgangsverkefna.

Í uppleggi að leiðangrinum, *Horizon Europe Mission, Climate Neutral and Smart Cities 2030 – by and for the Citizens*, er rík áhersla lögð á lýðræðislegt samráð og nýjar aðferðir í að stýra verkefnum innan borga. Megin hindrunin í vegi þeirra breytinga sem þurfa að verða til að mæta loftslagsvá, séu ekki skortur á tæknilausnum, heldur getan til að hrinda þeim í framkvæmd. Mælt er með því að borgir brjótist út úr lóðréttu skipulagi líkt og Reykjavíkurborg gerði við mótun Græna plansins.

Í Horizon Europe er miðað við að kerfisbreyting verði gerð til að fjárfesta í aðgerðum gegn loftslagsvánni sem myndi byggja á þremur meginreglum – a) heildstæðri nálgun til að ýta undir nýsköpun og innleiðingu, b) ítarlegu virku samráði sem yrði byggt inn í skipulag og c) þétt samstarf milli ólíkra hagaðila. *Þetta kallar á nýsköpun í stjórnsýslu til að ná samstarfi við einkageirann, háskólasamfélagið og frjáls félagasamtök.*

Sett verður saman umsóknateymi til að vinna að lokaútgáfu umsóknarinnar. Þá verði áframhaldandi samráð milli Reykjavíkurborgar, B-hlutafélaganna, Sambands íslenskra sveitarfélaga og íslenskra stjórnvalda um köll eftir umsóknum undir Horizon Europe og öðrum rannsóknaráætlunum ESB.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps - Evrópusamstarf um kolefnishlutlausar og snjallar borgir 2030 - siglingakort í júní 2021.

Niðurstöðuskjal úr starfshópi á vegum Reykjavíkurborgar og B-hlutafélaga

Evrópusamstarf um kolefnishlutlausar og snjallar borgir 2030

Siglingakort í júní 2021

Inngangur – Græna planið og Evrópusamstarf Reykjavíkur

Þetta siglingakort er niðurstöðuskjal úr starfshópi sem skipaður var í kjölfarið á samþykkt Græna plansins. Eftir að Græna planið var samþykkt í borgarstjórn var komið á fót fjórum starfshópum sem myndaðir voru með fulltrúum frá ólíkum sviðum Reykjavíkurborgar en einnig fulltrúum B- hlutafyrirtækja sem borgin á hlut í. Þannig eru virkjaðir saman kraftar og þekking víða úr borgarkerfinu með það fyrir augum að takast á við áskoranir næsta áratugar, um orkuskipti, hringrásarhagkerfi, græn innkaup og fjármál og Evrópusamstarf á þessum sviðum.

Starfshópin skipaður:

Þorsteinn Gunnarsson borgarritari (formaður). Hildigunnur Thorsteinsson (Orkuveita Reykjavíkur), Edda Sif Aradóttir (CarbFix), Gunnar Dofri Ólafsson (Sorpa bs.), Daði Áslaugarson (Strætó bs.), Bergsteinn Ísleifsson (Faxaflóahafnir sf.), Óli Örn Eiríksson atvinnuþróunarteymi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, Karen María Jónsdóttir fulltrúi þjónustu- og nýsköpunarsviðs og Hrönn Hrafnisdóttir umhverfis- og skipulagssviði. Til ráðgjafar var Kristján Guy Burgess og með hópnum starfaði allan tímann sem lykilstarfsmaður úr atvinnuþróunarteyminu, Magnús Yngvi Jónsson.

Hlutverk og vinnufyrirkomulag:

Hlutverk hópsins var að undirbúa umsókn um að Reykjavík verði ein af kolefnishlutlausum snjallborgum innan EES svæðisins 2030, og eftir atvikum þátttakandi í öðrum umsóknum eða alþjóðlegum verkefnum sem fjármagni og styðji við stefnumörkun og verkefni Græna plansins. Þar með verði Reykjavík ein af þeim borgum sem verði valdar sem sýnidæmi innan Horizon Europe áætlunar Evrópusambandsins sem gefur tækifæri til að draga að fjárfestingar og styrkfé til metnaðarfullra nýsköpunarverkefna í borginni.

Helstu verkefni hópsins samkvæmt erindisbréfi:

- Að efna til samstarfs við aðra aðila á vettvangi ríkisins, annarra sveitarfélaga og innan háskólanna um verkefnið.
- Að greina Evrópuverkefni, alþjóðleg verkefni og tækifærin sem í þeim felast fyrir starfsemi borgarinnar.
- Samantekt á kynningu á tækifærum innan EES styrkjaumhverfis fyrir nýsköpunarverkefni innan fyrirtækja og fyrir frumkvöðla í viðskiptahröðlum.
- Umsóknin og vinna hópsins verði unnin með hliðsjón af fyrirhugaðri áætlun um þátttöku Reykjavíkur í Evrópusamstarfi og rannsóknaráætlun ESB 2021-2027 (Horizon Europe).

Í vinnu sinni var lagt fyrir starfshópin að leggja mat á möguleg tækifæri hjá Nýsköpunarsjóði Evrópusambandsins, Innovation Fund. Í tengslum við umsóknarferlið verði hugað að lýðræðislegri þátttöku almennings og aðkomu að Græna Planinu. Starfshópnum var einnig ætlað að fylgjast með störfum annarra starfshópa Græna Plansins með það fyrir augum að samræma aðgerðir og að verkefni sem stofnað er til hjá þeim nýtist í Evrópusamstarfi og styrkumsóknum.

Starfshópurinn skipti verkefnum sínum upp í spretti, gerði verk- og tímaáætlun fyrir einstaka verkefni og spretti og skipti með sér verkum.

Í þessu siglingakorti er dregið saman það efni sem starfshópurinn fjallaði um og gerðar tillögur um aðgerðir og næstu skref.

Samantekt verkefna:

Helstu verkefni sem hópurinn vann að og fjallað er um í þessu Siglingakorti eru:

1. Þátttaka í Horizon Europe leiðangri um kolefnishlutlausar og snjallar Evrópuborgir 2030.

Hópurinn hefur verið í samskiptum við fulltrúa Eurocities og Evrópusambandsins og lýst yfir áhuga Reykjavíkurborgar á þátttöku í verkefninu um að verða ein af 100 kolefnishlutlausum snjallborgum Evrópu árið 2030. Drög hafa verið lögð að umsókn og þess beðið að umsóknarskilmálar verði skýrari af hálfu Evrópusambandsins, en þá verður settur saman vinnuhópur til að vinna umsóknina og koma henni á framfæri.

2. Þátttaka í öðrum styrkumsóknum og mat á köllum eftir umsóknum, t.d. um rafdrifnar almenningssamgöngur og sjálfbæra umbreytingu borgarsamfélaga

Hópurinn hefur farið yfir fjölda af köllum eftir umsóknum, metið hver falla best að Græna planinu, Loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar, verkefnum hópsins og fyrirtækjanna sem eiga fulltrúa í honum. Grunnur hefur verið lagður að þátttöku í stóru evrópsku verkefni um rafdrifnar almenningssamgöngur og samráð haft um þátttöku í öðru stóru verkefni um sjálfbæra umbreytingu borgarsamfélaga.

3. Virkja saman þau sem vinna að þátttöku í nýsköpunar- og rannsóknáætlunum ESB

Drjúgur þáttur í starfi hópsins hefur verið að virkja saman þekkingu úr stjórnkerfi Reykjavíkurborgar og fyrirtækjanna sem taka þátt í starfi hópsins. Þá hefur verið kallað til funda með fulltrúum stjórnvalda, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Rannís og Háskóla Íslands til að stuðla að auknu samráði, miðlun þekkingar og uppbyggingu á samstarfi með það fyrir augum að með samstilltu átaki verði hægt að sækja bæði þekkingu og fjármuni til Evrópu.

4. Vinna að framhaldi formlegs og óformlegs samstarfs

Starfshópurinn ræddi ítarlega möguleika á framhaldi samstarfsins og hvernig best væri að búa um hnútana til að halda áfram formlegu og óformlegu samstarfi um markmið verkefna hópsins.

5. Fylgjast með og draga saman starf í öðrum starfshópum Græna plansins

Hópurinn var í góðu samráði við formenn annarra starfshópa sem stofnað var til undir Græna planinu til að tryggja að gengið væri í takt og til að framhald verkefnanna gæti orðið sem skýrast.

Ný vídd í alþjóðastarf Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg á nú þegar í margháttaðu alþjóðlegu samstarfi á þeim sviðum sem Græna planið nær yfir en hér er fjallað um hvernig unnt sé að styrkja það samstarf og gera það kerfisbundnara. Reykjavíkurborg á aðild að Eurocities sem er leiðandi þegar kemur að þessum verkefnum á Evrópuvettvangi. Þá tekur borgarstjóri þátt í samstarfi við norrænar höfuðborgir, aðrar evrópskar borgir og samstarf borgarstjóra í aðgerðum gegn loftslagsvá, s.s. Global Covenant of Mayors og C40 samstarfið. Með þessu siglingakorti er komið tæki til að þróa áfram slíkt samstarf og ljá þátttöku Reykjavíkurborgar aukið inntak í þeirri samvinnu.

Hér er einnig lögð áhersla á aukið samstarf bæði innanlands og með borgum annars staðar í Evrópu, og jafnvel víðar. Innanlands á Reykjavíkurborg samstarf við B-hlutfélögin og reynslan af starfi þessara starfshópa síðustu mánuði, sem rekja má til fyrsta samráðsfundar borgarstjóra með B-hlutfélögum í október, gefur tilefni til að efla og styrkja slíka samvinnu enn frekar. Komið hefur á daginn að þess háttar samstarf gefur bæði borginni og fyrirtækjunum ýmis tækifæri á þessum sviðum og hefur opnað nýjar dyr. Þá er nauðsyn á auknu samstarfi við önnur sveitarfélög, bæði á vettvangi Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, svo og innan Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Enn fremur er nauðsyn að efla samstarf milli borgarinnar og ríkisins enda margt af því sem fellur innan verkswiðs þessa starfshóps nauðsynleg verkefni fyrir marga hagaðila sem eðlilegt er að ríkið hafi á köflum forystu um eða taki þátt í með öðrum hætti. Hér er lagt til að leitað verði leiða til að útfæra slíkt samstarf, jafnvel með formlegum hætti.

Til viðbótar gefur starf af þessu tagi tilefni til að styrkja samvinnu Reykjavíkurborgar við háskólasamfélagið þar sem fjölmargir snertifletir eru, svo og við atvinnulífið.

Starfshópurinn er sannfærður um að í því samstarfi sem hann hefur tekið þátt í á undanförunum mánuðum felist fjöldi tækifæra fyrir Reykjavíkurborg, fyrirtæki í eigu borgarinnar og fyrir fyrirtæki og almenning í borginni.

1. Staða, verkefni og samstarfsfletir

Í upphafi starfsins deildu fulltrúar Orkuveitu Reykjavíkur, CarbFix og Strætó BS með hópnum þeim verkefnum sem félögin hafa tekið þátt í varðandi Evrópusamstarf og Evrópustyrki. Þá kynnti fulltrúi Reykjavíkurborgar fyrir hópnum þau verkefni sem unnið hefur verið að á vettvangi Rannsóknarþjónustu Reykjavíkurborgar en teymið sem unnið hefur að þeim starfar nú innan Atvinnuþróunarteymis á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Starfshópurinn stóð einnig fyrir vinnustofu þar sem Rannís kynnti Horizon áætlunina fyrir þátttakendum og tækifæri henni tengd, en einnig fékkst kynning frá fulltrúa Menntamálaráðuneytisins í Brussel sem situr fundi rannsóknaráætlana ESB og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brussel. Einnig tóku þátt fulltrúar frá Háskóla Íslands sem sáu ýmsa fleti á samstarfi ólíkra aðila að þessum rannsóknaráætlunum.

Hópurinn fékk kynningar á nýrri loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar þar sem tekið er á mörgum af þeim þáttum sem hópurinn hefur til meðferðar og geta orðið grundvöllur að frekari sókn á þessum sviðum. Eins fékk hópurinn kynningu á þeim stöðluðu mælikvörðum sem Reykjavíkurborg hefur ákveðið að notast við til að meta og greina árangur í aðgerðum sem snúa að kolefnishlutleysi og stafrænni umbreytingu borgarinnar. Formaður og ráðgjafi voru svo í góðu sambandi við aðra starfshópa sem skipaðir voru á sama tíma milli borgarinnar og B-hluta fyrirtækjanna og fjallað verður nánar um hér neðar.

Starfshópurinn skipti með sér verkum og tók fyrir einstök atriði sem nánar er grein gerð fyrir í þessu siglingakorti. Einnig áttu formaður hópsins og ráðgjafi fundi með Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og forsvarsmönnum Betri Samgangna til að kynna þeim hvaða tækifæri kynnu að leynast í verkefnum hópsins fyrir þessa aðila og bjóða þeim aðkomu að þeim köllum sem ákveðið yrði að ráðast í. Til viðbótar hafa fulltrúar í hópnum setið fund með fulltrúa Umhverfissráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að fá kynningu á þátttöku Íslands í LIFE áætlun Evrópusambandsins sem gert verður að umfjöllunarefni síðar.

2. Þátttaka í Horizon Europe – 100 Climate Neutral and Smart Cities 2030

Þrír fulltrúar hópsins, Magnús Yngvi Jósefsson, Hrönn Hrafnisdóttir og Kristján Guy Burgess tóku að sér að kynna áhuga Reykjavíkurborgar á þátttöku í leiðangri Horizon Europe áætlunarinnar (Mission) um kolefnishlutlausar og snjallar borgir 2030 fyrir stjórnendum verkefnisins í Brussel, vera í sambandi við fulltrúa Íslands í Brussel og aðra sem nauðsynlegt væri að tengja við til að koma umsókninni af stað.

Á fundum með Eurocities kom fram að góður hljómgrunnur væri fyrir því að Reykjavíkurborg tæki þátt. Þá sátu fulltrúarnir fjarfundi á vettvangi Eurocities með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og fulltrúum annarra borga þar sem ljósi var varpað á leiðangurinn og þau skref sem væru fram undan til að hrinda áætluninni í framkvæmd.


Starfshópurinn hóf fljótlega að undirbúa umsókn að þátttöku Reykjavíkurborgar í þeim þætti Horizon Europe áætlunarinnar sem fjallar um kolefnishlutlausar og snjallar Evrópuborgir fyrir 2030. Það var mat hópsins að með stefnumótunarvinna að Græna planinu og nýsamþykktri Loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar með 15 skýrum aðgerðum, væri til sterkur grundvöllur að þátttöku í leiðangri af þessu tagi.

Rökstuðningur Evrópusambandsins fyrir leiðangrinum, sem tekur sérstaklega til verkefna í borgum er að í borgum komi saman ólíkir straumar aðgerða í þágu kolefnishlutleysis; í orkumálum, samgöngumálum, byggingum, iðnaði og jafnvel matvælaframleiðslu. Nauðsynlegt sé að mæta loftslagsvánni með aðgerðum á vettvangi borga og með því að virkja almenning með lýðræðislegum hætti, sem neytendur, framleiðendur, notendur og eigendur. Þannig er lagt upp með að samstarf innan borga sé formgert með sérstökum *Loftslagsborgasamningi*, sem aðlagður skuli að hverri borg fyrir sig.

Leiðangurinn sem hér er fjallað um hvílir síðan á grunni Græna sáttmála Evrópusambandsins (*European Green Deal*) sem miðar að því að ná kolefnishlutleysi í Evrópu fyrir árið 2050. Þá byggir Horizon Europe áætlunin á markmiðum sem Evrópusambandið hefur sett með samþykkt á fjárframlögum á árunum 2021-2027 og með samþykktri sóknaráætlun í kjölfar kórónakreppunnar, *Next Generation EU*, þar sem teknar eru fyrir aðgerðir til að mæta áskorunum næstu áratuga og áhersla lögð á fjárframlög til rannsókna og nýsköpunar og ýmissa samfélagslegra forgangsverkefna.

Í upplaggi að leiðangrinum, *Horizon Europe Mission, Climate Neutral and Smart Cities 2030 – by and for the Citizens*, er rík áhersla lögð á lýðræðislegt samráð og nýjar aðferðir í að stýra verkefnum innan borga. Megin hindrunin í vegi þeirra breytinga sem þurfa að verða til að mæta loftslagsvá, séu ekki skortur á tæknilausnum, heldur getan til að hrinda þeim í framkvæmd. Mælt er með því að borgir brjótist út úr lóðréttu skipulagi líkt og Reykjavíkurborg gerði við mótun Græna plansins.

Í Horizon Europe er miðað við að kerfisbreyting verði gerð til að fjárfesta í aðgerðum gegn loftslagsvánni sem myndi byggja á þremur meginreglum – a) heildstæðri nálgun til að ýta undir nýsköpun og innleiðingu, b) ítarlegu virku samráði sem yrði byggt inn í skipulag og c) þétt samstarf milli ólíkra hagaðila. *Þetta kallar á nýsköpun í stjórnsýslu til að ná samstarfi við einkageirann, háskólasamfélagið og frjáls félagasamtök.*



Rík áhersla er lögð á að virkja almenning með í leiðangurinn, en því er hægt að ná fram með ýmsum hætti líkt og Reykjavíkurborg hefur þróað aðferðir til gegnum Betri Reykjavík og Hverfin okkar auk lögbundins samráðs. Mikilvægt verður að nýta ýmsar leiðir til að stuðla að aðkomu almennings að leiðangrinum á næsta áratug. Þá er fjallað um hvernig unnið verði með nýsköpun og prófun á nýjum aðferðum þegar kemur að samgöngum, orkunýtingu, byggingariðnaði og endurvinnslu þar sem byggt verður á stafrænni umbreytingu og snjalllausnum. Þannig er lagt upp með í upphafi að tvinna saman græna stefnumótun og snjallvæðingu með svipuðum hætti og lagt er upp með í Græna planinu og fjárfestingaráætlun þess. Mikið er lagt upp úr því að borgir sem taka þátt í leiðangrinum miðli nýjungum og nýsköpun til annarra borga.

Hópurinn hefur unnið drög sem nýtast sem upplegg að umsókn. Hún byggir á Græna planinu og Loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar og gerir grein fyrir því hvernig félög í eigu borgarinnar taka þátt í leiðangrinum. Með þetta veganesti í farangrinum er beðið eftir því að betur skýrist hvaða þættir verða dregnir fram í umsóknarferlinu þegar það verður auglýst af hálfu Evrópusambandsins og þá verði efni sem unnið hefur verið, nýtt til útfyllingar á umsókn um þátttöku Reykjavíkurborgar í leiðangrinum. Ljóst er að slík umsóknarvinna mun verða tímafrek og kalla á að starfskraftur verði nýttur víða í borgarkerfinu og hjá B-hluta félögunum.

Til þess að Reykjavík falli í þann flokk borga sem fremst standa þegar kemur að umsókn, er nauðsynlegt að formbinda samstarf á ákveðnum sviðum, gagnvart B-hluta fyrirtækjum og öðrum hagaðilum hér á landi og meta hvort ganga skuli í samstarf við aðrar borgir í Evrópu eða önnur sveitarfélög á Íslandi. Sérstaklega verður byggt á nýrri loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar og þeim markmiðum sem sett voru fram í henni og aðgerðir til árangurs.

Entry level 1: Beginner Preparedness: low What you lack - Complete strategy - Capacity - Partnerships - Financial means What you have - Great ambition - Small-scale pilots - Limited international network	Entry level 2: Experienced Preparedness: medium What you lack - Complete strategy - Strong capacity - Strong partnerships - Financial means What you have - Great ambition - Large-scale pilots - First-hand experience - International network	Entry level 3: Fronrunner Preparedness: high What you lack - Financial means for deployment What you have - Complete strategy including governance - Strong partnerships - Strong capacity - Wide international network
--	---	--

Í boxunum hér að ofan er því lýst hvernig borgir verða metnar þegar kemur að umsóknum. Það er mat starfshópsins að Reykjavíkurborg eigi fullt erindi í að falla í hóp fremstu borganna en þá þarf að sýna fram á þá þætti sem þarna eru nefndir;

- að til staðar sé heildstæð stefna um markmið og leiðir og skipulag til að hrinda henni í framkvæmd;
- að til staðar séu samstarfssamningar og geta til að takast á við verkefnin sem sótt er um þátttöku í;
- og að borgin eigi í víðtæku alþjóðlegu samstarfi um málín sem eru til umfjöllunar.

Meðal þess sem hefur verið skoðað er hvaða sóknarstyrkir eru í boði til að vinna slíkar umsóknir í samræmi við það sem fram hefur komið í störfum starfshópsins frá fulltrúa Rannís. Þá er eins og að framan greinir, lýðræðisleg aðkoma almennings að leiðangrinum talin mikilvæg og þegar sótt verður um, verður því lýst hvernig aðkoma almennings að leiðangrinum verður tryggð.

Atvinnuþróunarteymið á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara mun fylgjast náið með því hvernig framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mótar endanlega umsóknargögnin en mat hópsins er að Reykjavíkurborg sé reiðubúin að stíga fram og gera umsókn um leið og eftir því verður kallað. Þá mun hins vegar þurfa á að halda vel á skipulagi, mannskap og fjármunum til að gera umsóknina svo vel úr garði að Reykjavík geti tekist verkefnið á hendur og náð árangri.

Það sem verður litið til við mat á umsóknum:

- Borgir sýni fram á metnað til að takast á við verkefnin
- Hafa stýrt og tekið þátt í sam-evrópskum verkefnum
- Hafa beina reynslu af samskonar verkefnum
- Búi yfir alþjóðlegu tengslaneti

Til að vera meðal fremstu borga þarf að sýna fram á

- Heildstæða áætlun til að ná markmiðunum
- Sýna fram á stjórnskipulag til að hrinda verkefnunum í framkvæmd
- Sterkt net samstarfsaðila innanlands og vítt alþjóðlegt tengslanet
- Hafa fjárhagslega getu og mannauð til að stýra verkefnum

- **Næstu skref:**

- Skipa formlega vinnuhóp til að vinna áfram umsókn að þátttöku Reykjavíkurborgar að Horizon Europe Mission um kolefnishlutlausa og snjalla Evrópuborgir 2030.
- Skrifa undir samstarfsyfirlýsingar við þá aðila sem þurfa að vera með í leiðangrinum.
- Eiga samráð um lýðræðislega aðkomu almennings að leiðangrinum.
- Gera verkáætlun og fjárhagsáætlun fyrir verkefnið.
- Finna og ákveða samstarfsborgir.

3. Þátttaka í köllum eftir umsóknum úr Horizon Europe áætluninni

Horizon Europe áætlunin nær frá árinu í ár, 2021 til ársins 2027 og hefur 52,7 milljörðum evra verið veitt til hennar. Það jafngildir á gengi maímánuðar 8.000 milljörðum króna á tímabilinu. Hér að ofan hefur verið fjallað um sértækan þátt í Horizon Europe áætluninni sem fjallar um sérstakan leiðangur (mission) sem er nýjung í verkfærakistu Evrópusambandsins sem er betur útskýrt hér að neðan. Þegar kemur að heildarúthlutun úr Horizon Europe áætluninni þarf hinsvegar að líta til fleiri þátta.

Markmiðið er að takast á við helstu áskoranir sem blasa við heiminum, efla samkeppnishæfni Evrópu sem byggir á stefnumótun ESB og markmiðum um sjálfbærni. Verkefnin sem styrkt verða falla undir 6 skilgreinda klasa: Heilbrigðisvísindi (Health); Félags- og hugvísindi (Culture, Creativity and Inclusive Society); Samfélagslegt öryggi (Civil Security for Society); Stafræn tækni, iðnaður og geimur (Digital, Industry and Space); Loftslagsmál, orka og samgöngur (Climate, Energy and Mobility); Fæðuöryggi, lífhagkerfið, náttúruauðlindir, landbúnaður og umhverfismál (Food, Bioeconomy, Natural Resources, Agriculture and Environment).

Til að byrja með ákvað starfshópurinn að þrengja sjónarhornið með því að líta til klasa 5 um Loftslagsmál, orku og samgöngur enda falli það að verkefnum hópsins og taki til þeirra félaga sem eiga aðild að hópnum.

Fjórir fulltrúar í starfshópnum, Hildigunnur Thorsteinsson, Magnús Yngvi Jósefsson, Karen María Jónsdóttir og Daði Áslaugarson tóku að sér í samráði við formann og ráðgjafa hópsins að greina sérstaklega þau köll eftir umsóknum sem auglýst eru á næstunni, einkum í Stólpa 2 (Pillar 2) undir Horizon Europe, sem gætu hentað Reykjavíkurborg í samstarfi við B-hlutafyrirtæki, önnur sveitarfélög og aðra lykilaðila á Íslandi að sækja um styrki til.

Hér er verið að líta til efnisþátta sem snúa að kolefnishlutleysi, aðgerða gegn loftslagsvá, breytinga á samgöngukerfum, orkuskiptum og ferðahegðun, auk snjallvæðingar og stafrænnar umbreytingar. Sérstaklega skal skoða stór köll sem auglýst eru um umbreytingar á þessum sviðum, en einnig smærri og sérhæfðari köll sem gætu hentað borginni og fyrirtækjum hennar að taka þátt í.

Litið var til hinna ólíku þátta sem borgir geta haft aðkomu að verkefnum sem lýst hefur verið fyrir hópnum, s.s.,

- þátttaka í sérsniðnum borgarköllum (eins og SPARCs);
- þátttaka fyrirtækja í rannsóknum og þróun í sérstökum köllum (í stólpa 2);
- borgir sem tilraunasvæði / prófanir fyrir ákveðin rannsóknar- og þróunarverkefni (pilots, end-users, demonstrators);
- borgir sem innviðir í útfærslu á rannsóknar- og þróunarverkefnum. T.d. gagnasöfn og mælingar;
- borgir sem tengiliðir fyrir þátttöku borgara í verkefnum (public engagement, citizen science); og
- þátttaka borga í CSA verkefnum.
- Samhæfing, mælingar, stefnumótun, upplýsingagáttir osfv.

Hópurinn fjallaði um fýsileika þess að borgin og einstök B-hlutafélög myndu ráðast í umsóknir í sameiningu þegar köllin eru auglýst og gera tillögu að því í samráði við ráðgjafa hópsins, hvað þurfi til til að umsókn verði góð og líkleg til árangurs.

Þá skoðaði hópurinn verkefni mögulegra samstarfsborga með það fyrir augum að taka þátt í umsóknum með þeim.

Eftir yfirferð hópsins var ákveðið að líta sérstaklega til stórs kalls sem fyrirhugað er og fjallar um rafdrifnar almenningssamgöngur (*New Generation of full electric urban and peri-urban Bus Rapid Transit systems to strengthen climate-friendly mass transport*). Slíkt kall gæti fallið sérstaklega vel að Borgarlínu og gefa tilefni til að greina atriði sem eftir er að taka ákvörðun um, t.d. um val á orkugjafa fyrir Borgarlínu og til að greina þarfir rekstraraðila að samgöngukerfinu. Þetta tiltekna kall er mjög stórt og er upp á 37 milljónir Evra. Umsóknarfrestur er fram í nóvember 2021 og haft var samband við UITP, alþjóðleg samtök um almenningssamgöngur með höfuðstöðvar í Brussel til að kanna með aðkomu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar að sameiginlegri umsókn nokkurra borga um stórt samstarfsverkefni. Sá áhugi var til staðar og hófust viðræður um aðkomu að verkefninu af hálfu Strætó og Reykjavíkurborgar.

Þá hefur verið ákveðið að líta sérstaklega til kalls sem einnig er mjög stórt, eða upp á 20 milljónir Evra sem fjallar um græn og stafræn umskipti innan borga fyrir sjálfbæra framtíð, (*Driving Urban Transitions to a Sustainable Future*). Innan þess kalls er megináhersla á þrjá þætti sem eiga sér sterka skírskotun innan samstæðu Reykjavíkurborgar.

- Í fyrsta lagi er fjallað um sjálfbæra orkunýtingu,
- í öðru lagi um stefnu og skipulag um 15 mínútna borgina, sem er eitt meginatriðið í Loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar,
- og í þriðja lagi er áhersla á Hringrásarhagkerfi innan borga.

Þetta verkefni verður formlega kynnt borginni á vegum Rannís sem hefur ákveðið að taka þátt í Evrópusamstarfi um þetta kall og markmiðið er að Reykjavíkurborg og fyrirtæki hennar geti tekið þátt í því.

Náist árangur í þessum stóru verkefnum og komist Reykjavíkurborg áfram í viðræðum við samstarfsaðila, er þörf á að búa vel um hnútana til að stjórnskipulag falli að því sem stefnt er að. Þá þarf að skýra mun betur en hingað til þann ávinning sem borgin og fyrirtæki hennar geta haft af samstarfi af þessu tagi og hvernig fjármunir geti nýst til stórra og mikilvægra verkefna í þróun borgarinnar. Hins vegar er afar brýnt að skýr vitund sé til staðar á því að vinna við slíkar umsóknir er ákaflega umfangsmikil, gríðarleg samkeppni er um styrki Evrópusambandsins og þá er langt í frá öruggt að umsóknarvinnan skili beinum fjárhagslegum árangri þótt eftir sitji alltaf tengslanet, þekking og hugvit.

Lykilatriði við val á köllum sem ákveðið er að sækja um í, er að vinna við umsókn gagnist vegna þeirrar vinnu sem hvort eð er hefur verið ákveðið að ráðast í. Afar lágt hlutfall umsókna hlýtur styrki og þess vegna þarf verkefnið að ganga upp, jafnvel þótt styrkur fái ekki. Þá skal nota umsóknarferlið til að læra sem mest af þeim aðilum sem unnið er með í slíkri umsókn.

- **Næstu skref:**
 - Tryggja utanumhald með þátttöku í rannsóknaráætlunum ESB í gegnum skipurit og ferla innan borgarinnar.
 - Útfæra stjórnskipulag innan borgarinnar um þátttökuna og samráð við stjórnvöld.
 - Meta áfram þátttöku í kalli um rafvæddar almenningssamgöngur (e-BRT) og öðrum sambærilegum köllum sem gætu hentað við þróun Borgarlínu og öðrum markmiðum um fjölbreyttar almenningssamgöngur.
 - Skoða þátttöku í kalli um Driving Urban Transitions og móta samstarf um það innanlands.
 - Hafa virkan hóp að störfum til að halda áfram að meta önnur köll sem verða birt undir Horizon Europe.
 - Skipuleggja alþjóðasamstarf til að geta brugðist við óskum um aðkomu að öðrum köllum frá öðrum borgum.

4. Þátttaka í öðrum áætlunum Evrópusambandsins

Í framhaldi af umfjöllun um þátttöku í áætlunum Evrópusambandsins er tilefni til að fjalla sérstaklega um Horizon Europe áætlunina, sem á sérstakt erindi við íslenska aðila, fyrirtæki, stofnanir, borgir og ríki og draga fram nýjungina sem felst í Mission-hugsuninni, sem starfshópurinn kys að kalla leiðangra.

Horizon Europe nær til fjölmargra þátta og hefur verið styrkt verulega frá Horizon 2020 áætluninni sem studdi við fjölda íslenskra verkefna og hefur gefið vísindafólki og fyrirtækjum stókkpall til að vinna að rannsóknum og þróun nýsköpunarfyrirtækja. Nýja áætlunin stendur frá árinu 2021 til ársins 2027 og er eitt helsta viðbragð Evrópusambandsins við afleiðingum kórónaveirukreppunnar og til þess að takast á við loftslagsvá.

Eins og fram kemur hér að ofan birtir Horizon Europe áætlunin köll á ýmsum sviðum, stór og smá og um þau er hörð samkeppni. Þá eru leiðangrarnir nýtt tæki í stefnumótun sem byggir á hugmyndum og kenningum hagfræðingsins Mariönu Mazzucato sem starfar við University College í London og hefur haft töluverð áhrif á síðustu árum um hvernig stjórnvöld geta beitt sér að tilteknum markmiðum með því að virkja saman krafta að sameiginlegum áskorunum.

Innan Horizon Europe áætlunarinnar eru sérstaklega dregin fram fimm markmið og leiðangrar á fimm ólíkum sviðum sem talið er nauðsynlegt að virkja saman krafta í til að ná árangri á næstu sex árum. Fyrir utan leiðangurinn um kolefnishlutlausar og snjallar borgir fyrir árið 2030, eru leiðangrar á sviði hafsins, um jarðvegsbætur, um aðlögun að loftslagsbreytingum og um rannsóknir og meðferð við krabbameini.

Þetta er hér nefnt því fullt tilefni er til þess að vekja athygli á því að Ísland geti tekið betur þátt í þessum áætlunum og verið með í því að virkja saman krafta til að taka þátt í öðrum leiðöngrum undir Horizon Europe. Til þess að það megi verða, þarf að ná saman ólíkum aðilum til að taka þátt í þeim leiðöngrum og með því frumkvæði sem Reykjavíkurborg hefur tekið, er tilefni til að miðla þeim upplýsingum til annarra aðila hér á landi.

Auk Horizon Europe áætlunarinnar, hafa íslensk stjórnvöld nýverið ákveðið að taka þátt í LIFE áætlun Evrópusambandsins og eins hefur verið tilkynnt um að stjórnvöld hyggist taka þátt í Digital Europe áætluninni. Báðar falla vel að þeim verkefnum sem þessi starfshópur vinnur að. Undir LIFE áætluninni er fjallað um bæði hringrásarhagkerfi og um orkuskipti og undir Digital Europe er megináhersla á stafræna umbreytingu og snjallvæðingu. Þess vegna er mikilvægt fyrir Reykjavíkurborg að fylgjast náið með framgangi beggja áætlana og taka þátt í framgangi þeirra eins og efni standa til og fellur að stefnu borgarinnar.

Í tilviki LIFE áætlunarinnar er hún rekin frá Umhverfisráðuneytinu en Digital Europe þátttakan heyrir undir Fjármálaráðuneytið. Þar er unnið að því að koma saman neti samstarfsaðila til að sjá um þátttöku Íslands og hefur Reykjavíkurborg lýst yfir vilja til að taka þátt í því samstarfi með aðilum innan háskólasamfélagsins, frumkvöðlasamfélagsins og Rannís. Verið er að vinna með málið á vettvangi fjármálaráðuneytisins í samstarfi við önnur ráðuneyti.

Reykjavíkurborg hefur á síðustu árum tekið aukinn þátt í áætlunum af þessu tagi sem hefur skilað sér í 185 milljónum króna sem hafa runnið til Reykjavíkur í þremur

verkefnum auk 83 milljóna til Orkuveitunnar og 46 milljóna til íbúar.is (sem hefur haldið utan um verkefni tengd Betri Reykjavík og er samstarfsaðili í PaCE-verkefninu). Borgin hefur hingað til kostað eitt stöðugildi í þessa vinnu en önnur störf hafa verið greidd af framlögum til þeirra af styrkfé.

Meðal þeirra verkefna sem Reykjavíkurborg hefur átt aðild að á síðustu árum er

- Lýðræðisverkefnið PaCE (Populism and Civil Engagement) sem hefur mótað samhliða nýrri lýðræðisstefnu borgarinnar; PaCE er dæmi um hvernig Reykjavík getur stutt íslenska frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki einfaldlega með því að búa um þau í umsóknum borgarinnar.
- Kyndilborgarverkefnið SPARCS (Sustainable Energy, Positive and Zero Carbon Communities) snýr að orkuskiptum og hefur verið byggt upp í samráði og samstarfi við fyrirtæki borgarinnar og fjölda annarra hagaðila.
- Stafræna umbreytingarverkefnið IMPULSE (Identity Management in Public Services) er komið í fulla vinnslu.

Einnig má nefna tvö önnur smærri verkefni;

- Net4AgeFriendly er svokallað COST verkefni (European Cooperation in Science and Technology) og
- Wifi4EU sem rekin eru frá atvinnuþróunarteyminu innan Reykjavíkurborgar.

Þessi verkefni varða öll lykilþætti Græna Plansins þ.e.a.s. samfélagsleg nýsköpun, PaCE, orkuskipti, SPARCS, stafræn umbreyting, IMPULSE, þátttaka í þróun aldursvænna umhverfa Net4AgeFriendly og því að engin skuli skilin eftir í grænni þjónustuumbreytingu Reykjavíkur. Net4AgeFriendly er evrópskt samstarfsverkefni sem mun þróa nýsköpunarvístkerfi til þróunar á velferðartækni og aldursvænum umhverfum. Þetta verkefni er sérlega áhugavert út frá stafrænum umbreytingum í þjónustu og áskorunum sem sem snýst um það hvernig borgin getur stutt við virkni og samfélagsþátttöku eldri borgara og orðið aldursvæn borg.

Þannig hefur Reykjavíkurborg verið að taka frumkvæði við að leiða saman ólíka aðila að metnaðarfullum og spennandi verkefnum sem hlotið hafa Evrópustyrki og eru rekin í samstarfi við aðrar evrópskar borgir, en formlegt samstarf við ríkisvaldið hefur ekki verið útfært. Starfshópurinn telur að þátttaka Íslands í áætlunum Evrópusambandsins ætti að vera betur formfest og aðkoma Reykjavíkurborgar að þeim tryggð.

Þá hafa einstök svið Reykjavíkurborgar einnig tekið þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum og sótt styrki til Evrópusambandsins en æskilegt væri að betri yfirsýn yfir slík verkefni væri til staðar innan Ráðhússins. Hingað til hefur sókn Reykjavíkur í rannsóknar og nýsköpunaráætlun ESB verið tilraunaverkefni sem hefur verið leitt af einu stöðugildi. Með vísan í árangur verkefnisins til þessa er ljóst að það getur verið mikill ávinningur af sókn í evrópska rannsókn- og nýsköpunarsjóði út frá fjármögnun, þekkingu og tengslaneti. Verkefnin skapa tækifæri til nýsköpunar og þau laða að mannauð, hugvit og sérþekkingu sem getur haft mjög jákvæð áhrif á ímynd og stöðu Reykjavíkur sem nýsköpunarmiðuð athafnaborg og umbreytingarafl í íslensku samfélagi.

Reykjavíkurborg hefur lýst yfir áhuga á að taka þátt í stofnun Evrópskar stafrænnar nýsköpunarmiðstöðvar á Íslandi, Digital Hub Europe. Aðkoma að miðstöðinni ætti að falla vel að stafrænni umbreytingu borgarinnar og að því að borgin verði hreyfiafl

atvinnu og nýsköpunar með vísa í nýja atvinnu og nýsköpunarstefnu sem er í smíðum um þessar mundir.

■ **Næstu skref:**

- Taka saman efni um aðrar mission-ir undir Horizon Europe og kynna fyrir öðrum hagaðilum hvernig Reykjavíkurborg hyggst nálgast sína mission.
- Halda utan um og þróa áfram verkefni sem eru í gangi, SPARCS, Impulse, PaCE osfrv.
- Áætlanagerð um sókn og þátttöku Reykjavíkur í rannsókn- og nýsköpunaráætlunum ESB.
- Safna upplýsingum innan borgarkerfisins og meðal B-hlutafyrirtækja um samstarfsverkefni og styrki, og setja í gagnagrunn.
- Kynna verkefnin innan borgarinnar, fyrir hagaðilum hér á landi, og í auknum mæli fyrir almenningi.
- Safna saman á einn stað upplýsingum um aðrar áætlanir ESB eins og þær horfa við Reykjavíkurborg.
- Reykjavíkurborg lýsi sig reiðubúna til að taka þátt í öðrum áætlunum Evrópusambandsins eins og tilefni gefst til, leiða þau eða taka þátt með öðrum borgum
- Lýsa áhuga á þátttöku í Digital Hub Europe, undir Digital Europe áætluninni í samstarfi við aðra íslenska hagaðila.
- Kynna sér áfram LIFE áætlunina og samlegð með öðru því sem Reykjavíkurborg starfar að.
- Fylgjast náið með Innovation fund í samstarfi borgarinnar og fyrirtækja hennar.

5. Samstarf innanlands

Meðal þess sem lagt var upp með við stofnun þessa starfshóps var að leiða saman fólk frá ólíkum sviðum Reykjavíkurborgar og fulltrúa B-hluta fyrirtækja sem borgin á hlut í. Þess háttar samstarf hefur ekki verið áður sett saman með sama hætti og hefur mikið gildi í sjálfu sér.

Í starfshópunum fjórum koma saman sérhæfðir aðilar, hver á sínu sviði og úr fyrirtækjunum sem búa yfir þekkingu sem nýtist vel við að takast á við verkefni hópanna. Auk þess að leiða saman þessa aðila innan „borgarkerfisins“ var markmið í þessum hópi, um Evrópusamstarf, að kalla saman „landslíð“ sem gæti unnið saman að því að ná saman sem bestum verkefnum sem gætu dregið til landsins styrkfé frá Evrópusambandinu. Með þeim hætti gæti starfshópurinn haft áhrif langt út fyrir þá aðila sem koma saman í honum.

Í vinnu hópsins var fundað með fulltrúum tveggja ráðuneyta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Rannís og Háskóla Íslands með það fyrir augum að auka samlegð og sá fræjum um samstarf að metnaðarfullum evrópskum verkefnum.

Formaður starfshópsins og ráðgjafi hópsins tóku að sér að þróa áfram samstarf Reykjavíkurborgar og annarra lykilaðila um framgang verkefnisins. Í umræðum við Samtök sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu og Betri Samgöngur var áhersla lögð á að dyr borgarinnar stæðu opnar þeim sem áhuga hefðu á að taka þátt í verkefnum af því tagi sem starfshópurinn fjallaði um.

Þá er áfram mikilvægt að unnið verði að því að tengja verkefni hópsins við aðra vinnu á vettvangi ríkisins og rætt hvort stefna skuli að því að halda á vordögum sameiginlegan viðburð í samstarfi við „landslíðið í Evrópustyrkjum“ um tækifærin sem felast í Horizon Europe áætluninni.

Starfshóparnir sem settir hafa verið saman af fulltrúum Reykjavíkurborgar og B-hluta félaganna í tengslum við samþykkt Græna plansins, eru nýjung í vinnu borgarinnar. Í þeim kemur saman þekking og reynsla frá ólíkum sviðum Reykjavíkurborgar og félaganna sem borgin á hlut í. Þá var eins og að framan greinir sótt þekking til annarra stofnana til að styrkja starfið í hópunum.

Starfshópurinn fylgdist með störfum annarra starfshópa Græna Plansins um Hringrásarhagkerfi, Orkuskipti og Græna fjármögnun og innkaup, með það fyrir augum að samræma aðgerðir og að verkefni sem stofnað er til hjá þeim nýtist í vinnslu umsóknar og til öflunar styrkja. Nú þegar allir hópar hafa skilað af sér í samræmi við erindisbréf þeirra, er tilefni til að hnýta saman og líta á hvernig best sé að halda áfram með þau verkefni sem gætu fallið vel að rannsóknaráætlunum, mögulegum styrkjum og Evrópusamvinnu.

Nú þegar vinnu hópanna sleppir hefur þessi starfshópur tekið nokkra umræðu um hvernig æskilegt væri að háttu framhaldi samvinnu á því sviði sem hópurinn fjallar um. Voru fulltrúar í hópnum sammála um að mikið virði væri í samvinnunni og hún hefði þegar gefið af sér metnaðarfull samstarfsverkefni sem gætu styrkt bæði borgina og félögin til skemmri og lengri tíma.

Lagt var upp með að fulltrúar í hópnum myndu áfram koma að þeim verkefnum sem hafa verið skilgreind hér að ofan sem afurðir úr vinnu hópsins, svo sem um umsókn um þátttöku í leiðangrinum, Horizon Europe Mission um kolefnishlutlausar og snjallar Evrópuborgir 2030. Þá munu einstaka fulltrúar í hópnum vinna saman að þeim köllum sem ákveðið hefur verið að ráðast í. Enn fremur kallar vinna í öðrum verkefnum á samstarf sömu aðila, svo sem um SPARCS verkefnið sem verður áfram í gangi.

Þá var nefnt að æskilegt væri að setja upp reglubundið samráð, t.d. ársfjórðungslega þar sem tilefni væri til að kalla fólk úr starfshópnum saman til að ræða það sem snýr að framhaldi verkefnanna.

Enn fremur er nauðsynlegt að taka til umræðu hvernig Reykjavíkurborg geti best staðið að því að halda saman þekkingu á þessari nýju vídd í alþjóðastarfi borgarinnar og fyrirtækja hennar. Um áramótin færðust verkefni og starfsfólk Rannsóknarþjónustu Reykjavíkurborgar undir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sem hluti af Atvinnuþróunarteymi. Það er á margan hátt mjög eðlilegur staður fyrir starfsemi af því tagi en verði aukinn metnaður settur í verkefnin eins og fjallað er um í þessu Siglingakorti, þarf að styrkja skrifstofuna og tryggja hennar sess innan borgarkerfisins. Gefa henni bæði fjármagn og verkefni til að styðja við þessi markmið.

Það er mikilvægt að ekki sé litið á ESB verkefni sem styrkt eru með styrkfé úr samstarfsáætlunum Evrópusambandsins sem utanáliggjandi og aðskilin frá hefðbundinni starfsemi borgarinnar. Best færi á því að verkefnin ættu að vera hluti af almennu verklagi og nálgun borgarinnar til stefnumótunar, áætlanagerðar og aðgerða og litið yrði líta ætti á verkefnin og afurðir þeirra þ.m.t. tengslanet sem hluta af verkfærakistu borgarinnar.

Í umfjöllun innan hópsins hefur verið rætt hvort tilefni væri fyrir borgina að ganga til aukins samstarfs við aðila utan borgarkerfisins til að sameina þekkingu á rannsóknar- og nýsköpunaráætlunum ESB með það fyrir augum að draga meira styrkfé til borgarinnar, fyrirtækja hennar og annarra fyrirtækja í borginni. Þá var einkum litið til tveggja fyrirmýnda frá nágrannalöndunum: Forum Virium sem Helsinkiborg kom á fót til að vera nokkurs konar nýsköpunarfyrirtæki borgarinnar. Þar eru dregnir saman kraftar vítt og breitt úr háskólasamfélagi og atvinnulífi Helsinkiborgar með það að markmiði að gera borgina að snjöllustu borg Evrópu. Þá var einnig litið til sænskrar fyrirmýndar, Viable Cities, þar sem níu sænskar borgir taka höndum saman með hátt í 200 samstarfsaðilum með markmiðið um kolefnishlutleysi árið 2030.

Hér er lagt til að Reykjavíkurborg ráðist í stefnumótunarvinnu á grundvelli þessa siglingakorts með það fyrir augum að styrkja eigin getu til að taka virkan þátt í evrópskum samstarfsverkefnum og starfa með hagaðilum innan borgarsamstæðunnar og utan að þeim markmiðum. Í þeirri stefnumótunarvinnu er æskilegt að bæði kjörnir fulltrúar og embættismenn taki þátt.

■ **Næstu skref:**

- Fara vel yfir skipulag innan Ráðhússins og samráð við ólík svið borgarinnar.
- Ræða og útfæra formlegt og óformlegt samráð og samstarf milli borgarinnar og B-hlutafyrirtækja.

- Gera valkostagreiningu um fyrirkomulag á samstarfi við aðila utan borgarsamstæðunnar að norrænni fyrirmynd.
- Auka samstarf við aðra aðila, s.s. háskóla, önnur sveitarfélög, ríkið, atvinnulífið og vettvang á þess vegum, t.d. með því að skipuleggja reglulega samráðsfundi og viðburði um evrópustyrki og -verkefni.
- Próa óformlegt samstarf þeirra sem vinna að Evrópustyrkjaverkefnum. Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að auknum samskiptum við ríkið og aðra hagaðila um mótun slíkrar samvinnu.

6. Samantekt

Reykjavíkurborg hefur nú þegar ráðist í sína umfangsmestu stefnumótun um langt skeið með mótun Græna plansins sem tekur til allra þátta í starfsemi borgarinnar og leggur línurnar til eins árs, þriggja ára, fimm ára og tíu ára. Undir Græna planinu er fjöldi áætlana og aðgerða sem skipulega er unnið að undir forystu stýrihóps. Þá var undir Græna planinu efnt til samstarfs milli Reykjavíkurborgar og B-hlutafélaga borgarinnar til að takast á við nokkur af stærstu viðfangsefnum samtímans til að mæta í senn áskorunum af völdum kórónakreppunnar og aðsteðjandi loftslagsvárs.

Starfshóparnir sem settir voru á fót í samstarfi borgarinnar og B-hlutafélaganna eru til marks um nýjar leiðir í stefnumótun og samstarfi og þessi starfshópur sem hér skilar siglingakorti sínu leggur upp leiðir til að vinna áfram að þeim markmiðum sem honum voru falin til að efla og styrkja alþjóðlegt samstarf til að takast á við áskoranirnar í starfsemi borgarinnar.

Til þess að komast áfram með hin risavöxnu verkefni er mikilvægt að Reykjavíkurborg skoði vel hvernig skipulag innan húss hjá borginni taki mið af þessum verkefnum. Þar riður á að herða til muna skipulagt samstarf milli borgarinnar og annarra hagaðila hér á landi. Reykjavíkurborg mun þurfa að hafa frumkvæði að samstarfi við ríkisvaldið að því að taka þátt í þeim áætlunum Evrópusambandsins sem nauðsynlegt er til að hrinda í framkvæmd þeim verkefnum sem hér er fjallað um. Þar getur Reykjavíkurborg haft mikilvægt frumkvæði.

Helstu verkefni hópsins samkvæmt erindisbréfi og niðurstöður:

- Undirbúa umsókn um að Reykjavíkurborg verði ein af 100 kolefnislausum borgum árið 2030
- Að efna til samstarfs við aðra aðila á vettvangi ríkisins, annarra sveitarfélaga og innan háskólanna um verkefnið.
- Að greina Evrópuverkefni, alþjóðleg verkefni og tækifærin sem í þeim felast fyrir starfsemi borgarinnar.
- Samantekt á kynningu á tækifærum innan EES styrkjaumhverfis fyrir nýsköpunarverkefni innan fyrirtækja og fyrir frumkvöðla í viðskiptahröðlum.
- Umsóknin og vinna hópsins verði unnin með hliðsjón af fyrirhugaðri áætlun um þátttöku Reykjavíkur í Evrópusamstarfi og rannsóknaráætlun ESB 2021-2027 (Horizon Europe).

Þrjú lykilverkefni til áframhalds:

- Lagt er til að starfshópur verði skipaður með formlegum hætti til að halda áfram með undirbúning umsóknarinnar.
- Hópurinn greindi verkefni og tækifæri og efndi til samtals á milli ólíkra aðila sem fögnuðu framtakinu. Kallað var eftir áframhaldandi samstarfi og samtali. Lagt er til að byrjað verði með að skapa óformlegan vettvang fyrir hópinn til að hittast a.m.k. á ársfjórðungsfresti.
- Í starfi hópsins kom fram að aukin upplýsingagjöf um möguleg samstarfsverkefni væri til bóta. Lagt er til að stofnaður verði gagnagrunnur þar sem haldið verður utan um möguleg rannsóknarverkefni.